


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Neytenda- og fjármálalæsi LÍFS1FN04	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		Námsáætlun - Haustönn 2019

Kennarar	Íris Ragnarsdóttir ira@vma.is Sunna Hlín Jóhannesdóttir sunna@vma.is Hilmar Friðjónsson hilmar@vma.is	Sk. st.	ÍRA, SUN og HIF
-----------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------	-----------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um samband nemandans við umhverfið sem hann býr í; fjölskylduna, vinina, afþreyingarmiðla, samfélagsmiðla, skólafélagana, markaðsöflin og nærsamfélagið. Fjallað er um nemandann í nútímasamfélagi, jafnrétti, hvað ber að varast og hvað þarf til að vera virkur samfélagsþegn.

Í áfanganum er stefnt að því að nemandinn verði meðvitaður um sig sem neytanda, fjármál sín og áhrif á daglegt líf. Með fjölbreyttum kennsluáferðum s.s. leikjum, umræðum og verkefnavinnu er lögð áhersla á að nemandinn verði læs á fjármála- og neytendaumræðu í samfélaginu.

Markmið áfangans er að gera nemandann sjálfbjarga í nútímasamfélagi og efla gagnrýna hugsun.

Um er að ræða verkefnabundið nám og nemandinn rannsakar viðfangsefni áfangans á gagnrýninn og skapandi hátt.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- > neytendahegðun, s.s. mikilvægi fjölskyldu, skóla og vina í félagsmótun
- > helstu fjármálahugtökum
- > áhrifamætti sínum sem neytanda og sem hluti af samanburðarhópi
- > óbeinni markaðssetningu á vörum og þjónustu m.a. í afþreyingarmiðlum
- > áhrifum afþreyingarmiðla á sjálfsmynd og kynhegðun ungs fólks
- > notkun, gildi og áhrif samfélagsmiðla
- > fíknum í ýmsum myndum út frá reynsluheimi unglinga
- > einföldum fjármálum daglegs lífs

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- > beita gagnrýninni hugsun í umræðu um neytendahegðun
- > nota samfélagsmiðla í samskiptum innan hóps á ábyrgan máta
- > skoða óbeina markaðssetningu í afþreyingarefni og beita þeirri þekkingu í skapandi verkefnum
- > halda utan um eigin neyslu og kostnað
- > afla sér fjármálatengdra upplýsinga sem nýtast í daglegu lífi
- > skoða ólíkar birtingamyndir kynhlutverka í miðlum og samfélagi
- > skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga
- > lesa auglýsingar og vera meðvitaður um áhrif markaðsvæðingar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- > líta gagnrýnum augum á áhrif markaðssetningar og afþreyingamiðla á ungt fólk
- > rökræða birtingarmyndir og umræður um unglunga í samfélaginu
- > meta hvað er við hæfi og hvað ekki í hegðun, framkomu og tjáningu í daglegu lífi
- > fjalla um birtingarmyndir kynjanna og álitamál þeim tengd frá ólíkum sjónarhornum
- > miðla upplýsingum og niðurstöðum með gagnrýninni hugsun og færa rök fyrir skoðunum sínum
- > bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og setja sig í spor annarra
- > skilja samhengi tekna og útgjalda
- > lesa í fjármálaumræðu og fjármálatilboð
- > sýna ábyrgð í fjármálum
- > þekkja réttindi og skyldur sem hann hefur þegar komið er út á vinnumarkaðinn

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 3		
Samþykkt: SHJ	Neytenda- og fjármálalæsi	
	LÍFS1FN04	
	Námsáætlun - Haustönn 2019	

Námsgögn:

Ætlast er til að nemendur verði með fartölvur í tímum.
Fjármálalæsi, námsefni frá kennara inn á kennsluvefnum moodle.vma.is
VR skóli lífsins.

Áætlun um yfirferð:

Fjármálalæsi. Vikuleg skil á Moodle 33%. 20. ágúst - 18. október.
Kennsluefni og verkefni inn kennsluvefnum *Moodle* þar sem verða vikuleg skil.

VR skóli lífsins 5%. 16. september. - 20. september.
Markmið hans er að undirbúa ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi.
Nemendur horfa á myndbönd á netinu og leysa verkefni þar sem farið er yfir öll helstu atriði sem brýnt er að hafa í huga á vinnumarkaði.

Fjármálalæsisleikur 12% og könnun 20%. 21. október - 8. nóvember.
Nemendur sjá um fjármál þeirra sem þeir draga úr potti og þurfa svo að taka á þeim þáttum sem koma upp í leiknum (áfangar, sigrar og skellir á lífsleiðinni). Nemendur kynna svo persónur sínar, heimilisbókhald þeirra og hvernig þær vinna úr þeim skellum sínum.


Neytendafræði: 22% 11. nóvember - 5. desember.

Nemendur vinna verkefni og kynna þar sem þau taka fyrir eitt af eftirfarandi viðfangsefnum:
Neytendafræði/hegðun, ólíkar birtingamyndir markaðsáreitis, kynhlutverk og jafnrétti, ábyrgri hugsun og hegðun í samskiptum. (17%)

Nemendur horfa á heimildarþátt um samfélagsmiðla og vinna verkefni upp úr þættinum. (5%)

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er lögð áhersla á skapandi og fjölbreytta verkefnavinnu með símati alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt verkefnum sem lögð eru fyrir. Áhersla er lögð á eintaklings- og hópamiðað námsmat. Ef nemandi tekur ekki þátt í kynningu á verkefni, hvort sem það er einstaklings- eða hópaverkefni, þá áskilur kennari sér þann rétt að draga nemandi niður um 30%, eins ef nemandi tekur ekki fullan þátt í hópavinnu. Þátttaka í umræðum og virkni (8%) í tímum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		
Neytenda- og fjármálalæsi LÍFS1FN04 Námsáætlun - Haustönn 2019		

Mat á virkni nema:

Óviðunandi virkni Einkunn 3	Slök virkni Einkunn 5	Viðunandi virkni Einkunn 7	Góð virkni Einkunn 8,5	Mjög góð virkni Einkunn 10
Nemandi hefur ekki góð áhrif á vinnu í kennslustundum, trúflar og tekur ekki leiðbeiningum og tiltali. Jafnvel þótt viðkomandi sé mættur er hægt að segja að þátttaka sé lítil eða engin.	Nemandi hefur verið fjarverandi umtalsverðan hluta kennslustunda (viðvera minni en 80%) og hefur átt í erfiðleikum eða hefur ekki sinnt nógu vel því að taka þátt í því sem er á dagskrá.	Nemanda hefur annaðhvort vantað í nokkrar kennslustundir (viðvera 80% eða meira) eða hefur átt í erfiðleikum með að taka þátt í því sem fram fer eða sinnir því lítið. (Síminn trúflar.)	Nemandi hefur tekið þátt í flestum kennslustundum (viðvera 90% eða meira) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá. Nemandi tekur yfirleitt vel þátt í því sem fer fram.	Nemandi hefur tekið þátt í öllum eða langflestum kennslustundum (viðvera 95% eða meiri) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá. Nemandi tekur þátt á uppbyggjandi hátt í því sem fer fram.

Námsmat:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> XSímat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Vikuleg skil á Moodle	Ýmis verkefni á Moodle	33%	
VR- skóli lífsins	Könnun á netinu og verkefni. Nemandi getur prentað út skírteini í lok skólans.	5%	
Fjármálalæsis-leikur	Nemendur sjá um fjármál þeirra sem þeir draga úr potti og þurfa svo að taka á þeim þáttum sem koma upp í leiknum (Áfangar, sigrar og skellir á lífsleiðinni).	12%	
Könnun	Hugtakakönnun	20%	
Neytendalæsi	Nemendur taka fyrir ákveðin viðfangsefni sem þeir svo kynna fyrir samnemendum sínum.	17%	
Neytendalæsi	Verkefni tengt samfélagsmiðlum.	5%	
Virkni	Sjálfstæði, kemur sér að verki, iðni	8%	
	Samtals:	100%	
Annað: Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.			

Dagsetning: 18.9.19

Hilmir Þorjónsson
Sunnu H. Johannsen
Íns Ragnadóttir
Undirritun kennara

Hafin Lantardóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils